

Reykjavík, 3. júní 2016

**Efni: Álit Samkeppniseftirlitsins nr. 2/2015 til innanríkisráðherra – ítrekun**

Félag atvinnurekenda leyfir sér að ítreka bréflaga fyrirspurn sína sem send var ráðherra 26. febrúar síðastliðinn. Þar var vísað til álits Samkeppniseftirlitsins nr. 2/2015, dags. 22. október það ár. Álitinu var beint til innanríkisráðherra í framhaldi af kvörtun Wow Air til Samkeppniseftirlitsins vegna úthlutunar afgreiðslutíma á Keflavíkurflugvelli.

Engin viðbrögð við tilmælum Samkeppniseftirlitsins hafa komið frá ráðuneytinu, en nú eru meira en sjö mánuðir liðnir frá því þau voru gefin út. Samkeppnisyfirlit komust að þeirri niðurstöðu að fyrirkomulag við úthlutun afgreiðslutíma á Keflavíkurflugvelli raskaði samkeppni, til tjóns fyrir viðskiptavinum, keppinauta í áætlunarflugi og samfélagið allt. Eftirfarandi tilmælum var beint til innanríkisráðherra:

**1. gr.**

*Að ráðherra beiti sér fyrir tafarlausum aðgerðum sem miði að því að draga úr þeim samkeppnishindrunum sem skilgreindar hafa verið í álitinu þessu. Við þær aðgerðir verði hagsmunum almennings af virkri samkeppni í áætlunarflugi gefinn forgangur.*


**2. gr.**

*Liður í aðgerðum samkvæmt 1. gr. er m.a. að sjá til þess að skilgreining Keflavíkurflugvallar sem flugvallar með skammtaðan afgreiðslutíma verði tekin til endurskoðunar í samræmi við álit Sorð í álitinu nr. 1/2015. Verði ekki breyting á skilgreiningu flugvallarins er því beint til innanríkisráðherra að hann beiti sér fyrir setningu staðbundinna leiðbeinandi reglna um samkeppnissjónarmið sem samræmingarstjóri hafi til hliðsjónar við úthlutun afgreiðslutíma.*

Í ljósi þess að nú fer mesti annatíminn á Keflavíkurflugvelli í hönd og fjöldi innlendra og erlendra flugfélaga þarfnast úthlutunar á afgreiðslutíma leyfir FA sér að ítreka fyrri spurningar sínar til ráðherra:

- *Hefur ráðherra beitt sér fyrir aðgerðum til að draga úr samkeppnishindrunum við úthlutun afgreiðslutíma á Keflavíkurflugvelli?*
- *Ef svo er, hvaða aðgerðum?*
- *Ef ekki, hvers vegna ekki?*

Með vinsemd og virðingu,

  
Ólafur Stephensen, framkvæmdastjóri FA